

Lyfja Skeifunni
Skeifunni 11B
108 Reykjavík

Reykjavík, 8.7.2022

Tilvísun: 07.02 Lyfjabúðir

Málsnúmer: M-2022-05-1956

Efni: Undanþága - Mönnun lyfjafræðinga í apótekum - Lyfja Skeifunni

Lyfjastofnun vísar til umsóknar lyfsöluleyfshafa Lyfju Skeifunni, dags. 1. júní 2022, þar sem óskað var eftir undanþágu frá kröfu 1. másl. 5. mgr. 37. gr. lyfjalaga nr. 100/2020 um að í lyfjabúð skuli að jafnaði ekki vera færri en tveir lyfjafræðingar að störfum á almennum afgreiðslutíma og á álagstíma utan almenns afgreiðslutíma við afgreiðslu lyfseðla og fræðslu og ráðgjöf um rétta notkun og meðhöndlun lyfja.

Með vísan til 5. mgr. 37. gr. lyfjalaga heimilar Lyfjastofnun undanþágu frá mönnunarákvæði lyfjalaga á eftirfarandi opnunartímum:

- Mánudaga kl. 9:00 – 11:00.
- Þriðjudaga kl. 9:00 – 10:00.
- Fimmtudaga kl. 9:00 – 10:00.
- Föstudaga kl. 9:00 – 10:00.
- Laugardaga kl. 10:00 – 11:00.

Heimild þessi er bundin við að þjálfað starfsfólk sé lyfjafræðingnum til aðstoðar og að reglubundið mat fari fram á álagi og sérstökum álagspunktum sem kunna að myndast.

Gildistími undanþáguheimildarinnar er til 1. mars 2024.

F.h. Lyfjastofnunar,

Viðar Guðjohnsen

Bréf þetta er undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift samkvæmt lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Undirritunarsíða

Viðar Helgi Guðjohnsen